



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út  
í jan. Efni þarf að berast í  
síðasta lagi 7. jan 2019

## *JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA.*

*Sendum íbúum Hrunamannahrepps,  
sumarhúsaeigendum og öllum  
viðskiptavinum  
nær og fjær,  
hugheilar jóla og nýárskveðjur með  
þakklæti fyrir árið sem er að líða.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk  
Hrunamannahrepps*



Des 2018  
Rítstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

28. árgangur.  
332.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Þá er desember genginn í garð og jólin framundan með sínum hátíðarbrag. Jólhátíðin er hátíð friðar og gleði en höfum í huga að aðstæður fólks hér heima og úti í hinum stóra heimi eru misjafnar og virkjum jólaandann til að veita þeim stuðning ef kostur er.

Líkur eru á að ljósleiðaraverkefnið verði í grófum dráttum klárað fyrir jól, alla vega lagnavinnan, þó það taki lengri tíma að allir geti tengst. Ekki liggur enn fyrir hvernig fer með styrkveitingar úr Fjarskiptasjóði en verið er að vinna í því að loka málinu, annað hvort með samningum við sjóðinn eða sækja í hann á grundvelli samkeppnisstyrkja eins og verið hefur. Ljóst er að þetta fyrirkomulag veldur erfiðleikum í framkvæmd, sérstaklega þar sem sveitarfélög hafa ekki getað klárað verkefnið í einum rykk. En vonandi ættu ansi margir að geta nýtt sér „jólaljósið“ með ljósleiðara Hrunaljóss!!!!

Núna er sveitarstjórn búin að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 sem og árána 2020-2022 línurnar er lagðar og ákveðið í hvaða verkefni farið verður í. Eins og staðan er núna, og ef ekkert óvænt kemur upp, þá er gert ráð fyrir að hagnaður af rekstri sveitarfélagsins verði töluverður. Það leiðir þá vonandi til þess að hægt sé að fjármagna rekstur og fjárfestingar ársins 2019 án verulegrar lántöku sem skiptir miklu máli. Vonandi verða aðstæður hagfelldar, hófleg verðbólga og stöðugleiki almennt í samfélaginu sem hjálpar alltaf til í okkar vinnu. Helst hafa menn áhyggjur af vinnumarkaðnum en vonandi næst niðurstaða í kjarasamningum sem allir geta sætt sig við. Alla vega væri verst kostur fyrir alla ef verðbólguþraugirn myndi fitna eins og þúkinn á fjósbitanum.

Stæstu verkefni næsta árs verða að klára fráveitufamkvæmdir fyrir neðan félagsheimilið og gatnaframkvæmdir í Vesturbrún og hluta til í Iðjuhlóð. Síðan hafa sveitarfélögin sem standa að seyruverkefninu ákveðið að byggja yfir aðstöðuna á „Seyrustöðum“ á Flúðum sem er mjög metnaðarfullt verkefni. Síðan ætlum við að fara að koma loftinu fyrir ofan áhaldageymsluna í íþróttahúsinu í einhverja notkun en ekki er alveg ljóst hvað þar verður, vandi er um um slíkt að spá!!!!. Síðan verða fullt af viðhaldsverkefnum í gangi, haldið verður áfram að bæta Flúðaskóla og félagsheimilið. Það þarf að ráðast í endurbætur á klórkerfi sundlaugarinnar og huga að aðstöðuhúsi hennar, aðgengismálum að Heimalandi o.fl, o.fl.

Varðandi viðhald á félagsheimilinu má vekja athygli á því að það voru 60 ár frá vísu þess þann 23. nóvember s.l. Við þurfum að halda áfram að vinna með þetta menningarhús okkar allra og að það verði okkur til sóma en á sínum tíma hefur þetta, þess tíma umdeilda mannvirki, lyft grettistaki fyrir samfélagið. Alla vega ríkti góður andi á fyrstu árhátíð starfsmanna og nefndarfólks sveitarfélagsins sem haldin var í félagsheimilinu núna í nóvember en þetta nýmæli þjappar vonandi þessum frábæra hópi enn frekar saman til góðra verka.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að frá og með næstu áramótum verði farið í aukna flokkun á úrgangi í sveitarfélaginu og er það skref fagnaðarefni sem ég veit að margir hafa verið að bíða eftir. Ákveðið hefur verið að fara „Arborgarleiðina“ með bláu tunnuna þannig að hægt sé að setja plast og málma í hana. Þá hefur einnig verið ákveðið að taka upp söfnun og hirðingu á lífrænum úrgangi við heimili og stofnanir, svo kallaða brúna tunnu. Þessar breytingar eiga að taka gildi um áramótin og verður verkefnið kynnt eins og kostur er meðal íbúa. Þetta þýðir m.a. að hirðingartími breytist. Bláa- og brúna tunnann verða hirt á 3ja vikna fresti en gráa tunnann verður hirt á 4 vikna fresti.

Ljóst er þó að ekki verður staðar numið í þessu og það er til skoðunar að skylda atvinnurekendur og sumarhúsaeygendur til að taka upp slíka þriggja tunna flokkun þó það þurfi meiri aðlögun. Hvet ég atvinnlífið til að taka þetta skref með okkur en frjálst er að semja við hirðingaraðila og nýta sér þessa möguleika.

Þá eru einnig aðrir möguleikar komnir til framkvæmda á gámasvæðinu á Flúðum sem gagnast íbúum og atvinnulífi en þar er kominn í notkun pressugámur fyrir plast í viðbót við pressugáminn fyrir pappír. Hvet ég alla til að nýta sér þessa valkosti og vanda alla flokkun. Sérstaklega vil ég benda fólki á að setja eingöngu nothæfa nytjahluti í nytjagáminn en ekki þá sem eru orðnir ónýtir því þá þarf að henda þeim í gám fyrir grófan úrgang með tilheyrandi tvíverknaði og kostnaði. Þá hefur einnig komið til framkvæmda nýr opnunartími fyrir ökutæki en sláin fer upp alla daga kl. 9:00 og niður kl. 20:00. Líklegt er þó að þessi rammi þrengist enn frekar sem endar með mönnun á opnunartíma. Vakin er þó athygli á að alltaf er hægt að ganga inn á svæðið með minni einingar.

Ef minnst er á umhverfismál þá má einnig minnst á að ársþing Umhverfisstofnunar og umhverfisnefnda sveitarfélaga var haldið hér á Flúðum í nóvember. Við erum að koma okkur inn á kortið í umhverfismálum og ég held að seyruverkefnið, sem var m.a. sýningargripur þessa ársþings, sé að valda þessum áhuga. Þá veit ég að litið er til okkar varðandi þróun varðandi hreinstöðvar og einnig nýtingu á lághita til raforkuframleiðslu.

Vonandi stöndum við undir þessum væntingum og við verðum fyrirmyndar samfélag í þessum málafllokki en þá verða náttúrlega allir að taka þátt, bæði íbúar, sumarhúsaeygendur, gestir og fyrirtæki. Í þessu sambandi mætti einnig minnast á að Orka náttúrunnar er búin að taka í notkun tvær hraðhleðslustöðvar sem staðsettar eru á lóð Hótel Flúða. Þessi uppsetning naut stuðnings úr Orkuskiptasjóði og nú er enginn afsökun fyrir því að rafmagnsbílaeygendur geti ekki heimsótt okkur.

Það eru fleiri breytingar á opnunartímum. Bókasafnið breytti aðeins sínum opnunartíma á mánudögum og fimmtudögum og nú er t.d. opið í hádeginu á fimmtudögum. Vil ég hvetja fólk til að nýta sér bókasafnið sér sálarupplýftingar því fátt er betra fyrir jólaþing en að lesa góða bók. Þá má minnast á aðrar breytingar um áramótin en ákveðið hefur verið að beyta reglum varðandi heimsendingu á mat til eldri borgara þannig að allir eigi rétt á heimsendingu á mat gegn föstu gjaldi

Varðandi starfsmannamál þá eru að verða breytingar hjá sveitarfélaginu. Árni Þór Hilmarsson forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþrótt- og tómstundafulltrúi Hrunamannahrepps hefur látið af störfum og hefur snúið sér að kennslu. Þakka ég honum fyrir afar góð störf í þágu sveitarfélagsins í þessum málafllokki þó ég viti reyndar að hann verður örugglega viðriðin íþróttastarfið hjá okkur áfram. Þá hefur Atli Geir Skeving verið ráðinn í fullt starf í áhaldahúsið sem þá skiptist milli starfa við hreinsibílinn og almenn störf. Bíð ég hann velkominn í hóp öflugra einstaklinga sem starfa í áhaldahúsinu þar sem ég vil meina að mikill mannauður sé saman kominn.

Í tilefni jólahátíðinnar vil ég minna á fólk að athuga með reykskynjara og slökkvitæki í hýbýlum sínum. Endilega prófið því reykskynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalningu niður á Selfoss m.a. til Slökkvitækjapjónustu Brunavarna Árnassýslu og fá rafhlöður hjá þeim í reykskynjara sér að kostnaðarlausu.

Varðandi jólin minni ég á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettándabrenna“ og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður laugardaginn 5. janúar 2019. Það fór reyndar fram skemmtileg skoðunarkönnun á facebooksíðu Hrunamannahrepps hvort ætti að breyta tímasetningu áramótabrennunnar en meirihlutinn sem tók þátt vildi halda sama brennutíma.

Ég vil hvetja alla til að njóta aðventunnar með fjölskyldunni og upplifa hinn rétta jólaanda. Að lokum vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunamannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Eigum góð og gleðileg jól saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bill með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035

Moltutunna, sem ekki þarf að losa.

# GLEYPÍR

Skilum lífrænum úrgangi  
til náttúrunnar



Einar Harðarson – Sími 893-1454 – ehardar@icloud.com

# Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slokkvitaeki@babubabu.is](mailto:slokkvitaeki@babubabu.is)



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA**

**JENS PÉTUR JÓHANSSON**  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.**

**RÓBERT EINAR JENSSON**  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –  
Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



## Sorpmál-breyting.

Frá og með næstu áramótum, verður breytt yfir í 3ja tunnu flokkun í Hrunamannahreppi. Öll heimili munu fá brúna tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hirðing grátunnu verður á 4.vikna fresti og blátunnu og brúntunnu á 3. vikna fresti.

Nánari upplýsingar koma inn á fludir.is og facebook síðu Hrunamannahrepps þegar nær dregur.

### *Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími.*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:00*

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

**Um jól og áramót er lokað:  
24, 25, 26 og 31. desember, og 1. og 2. janúar 2019**

## *Vetrarsólstöðutónleikar*

*Hrunakirkju 21.des. kl. 20:30*

Árlegir tónleikar Kirkjukórs Hruna- og Hrepphólasókna sem nú fær til liðs við sig sópransöngkonuna Höllu Marinósdóttur.

Hugljúf og notaleg stund á aðventunni sem kemur áheyrendum í rétta stemningu við inngang jólanna.



**Ókeypis aðgangur**



## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufræðingur  
Sími: 858-3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

## BRENNUR!

Áramótabrenna verður á  
tjaldsvæðinu á Flúðum  
gamlársdag kl: 20:30.

Þrettándabrenna verður á sama  
stað

5. janúar 2018 kl: 20:00.



## Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað  
hendingar og ræður.

Kæru vinir kaupið það

konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti eru til  
sölu í Þverspurnu á 4000 kr. öll ritin.

Á jólatilboði.

Allur ágóði fer til líknarmála.

Verið velkomin.

Guðrún Þorsteinsdóttir Þverspurnu.

Sími: 486 6735



[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðaþjónustu  
og viðburði í Uppsveitunum



Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

**Samkaup** **strax**

**Opnunartími um jól og áramót.**

|                                   |                    |
|-----------------------------------|--------------------|
| Föstudagur 21. des:               | 09:00-19:00        |
| Laugardagur 22. des:              | 10:00-19:00        |
| Þorláksmessa 23. desember         | <b>11:00-20:00</b> |
| Aðfangadagur 24. desember         | 09:00-13:00        |
| <b>Jóladagur og annar í jólum</b> | <b>LOKAÐ</b>       |
| <b>27-29. des:</b>                | <b>09:00-19:00</b> |
| <b>Sunnudagur 30. des</b>         | 11:00-18:00        |
| 31. desember Gamlársdagur         | 09:00-13:00        |
| <b>Nýársdagur 01.01.2017</b>      | <b>LOKAÐ</b>       |

**JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ**

**Frímerki eru seld í búðinni.**

**Munið helgartilboðin.**

**Bækur á tilboðsverði.**

**Fökkum viðskiptin á árinu  
sem er að líða.**

Jólakveðjur

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum.



# Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastigur 8, 845 Flúðir



## Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

### Aðalréttir

|  |           |
|--|-----------|
| Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið                   | 2.390 ISK |
| Matarmikið kjúklingasalát með dressingu                    | 2.490 ISK |
| Lambasveppabaggi með salati                                | 2.490 ISK |
| Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basilsósu (vegan) | 2.100 ISK |
| Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)        | 1.890 ISK |
| Allir barnaréttir á matseðli                               | 990 ISK   |

### Eftirréttir

|                   |           |
|-------------------|-----------|
| Sveppaís          | 1.190 ISK |
| Gulrótaris        | 1.190 ISK |
| Gulrótar/byggkaka | 1.190 ISK |




We serve what we grow



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturnar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á [booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is) og s. 519-0808

 [farmersbistro](https://www.facebook.com/farmersbistro), [farmersbistro.is](https://www.farmersbistro.is)



# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00  
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr  
heimabyggð.

Locally grown  
Locally owned

### Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafrjár mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/





Á dögunum var farið í Kisubotna og Gráhnjúk til að staðsetja lóðir undir gönguskála.



Tómasarhóll í landgræðslugirðingunni í nóvember 2018



## Feðgar á ferð í jólapakkann

Enn eru til nokkrir DVD diskar af Feðgum á ferð ef einhverjum vantar sem tækifærisgjöf eða kaupa sem jólagjöf fyrir jólin 2018, eða bara til að eiga. Um er að ræða þrjár þáttaraðir, alls 30 þættir af allskonar skemmtilegu efni, ekki síst úr sveitum landsins + 16 innslög af þættinum „Ísland í sumar“ frá sumrinu 2017. Diskur 1 (fyrsta og önnur þáttaröð, 20 þættir) kostar 1.500 krónur og diskur 2 (þriðja Þáttaröðin (10 þættir) + Ísland í sumar innslögin) kostar 1.500 krónur líka. **Kaupi fólk hins vegar báða diskana fara þeir saman á 2.500 krónur.** Hægt að kaupa beint af Magnúsi Hlyni á Selfossi með því að senda honum einkaskilaboð á Facebook (Magnús Hlynur Hreiðarsson), eða í gegnum netfangið, [magnushlynurh@gmail.com](mailto:magnushlynurh@gmail.com)

Myndatexti: Feðgar á ferð eru þættir sem voru á Stöð 2 og hafa nú verið gefnir út á DVD diska. Þættirnir voru sýndir sumarið 2016 og 2017. Umsjónarmenn eru feðgarnir Magnús Hlynur Hreiðarsson og Fannar Freyr Magnússon á Selfossi.



## Skötuveisla Við Faxa.

Við verðum með skötuveislu í hádeginu á Þorláksmessu  
frá 11,30 til 14,00

Á borðum verður skata og saltfiskur ásamt klassísku meðlæti



Verð 2.500 kr. á mann  
Hálfvirði fyrir börn á grunnskólaaldri og frítt fyrir yngri.

Borðapantanir í síma 774 7440 í síðasta lagi 22. des.





Föstud. 15. febrúar 2019  
Tónleikar/Uppistand  
**Eypór Ingi**

*Sælkerahlaðborðið okkar, kaffi og heimagert  
konfekt til kl. 19:30 kr. 2.890.*

**Uppistand og tónleikar hefst kl. 20:00  
kr. 3.500.**

*Barinn opinn til kl. 01:00*



Farmers Bistro // Garðastígur 8//845 Flúðir  
Bókið miða á [booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is) eða í síma 519-0808



# Jólakveðja



Kaffi-Sel sendir öllum viðskiptavinum sínum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár með kærri þökk fyrir árið sem er að líða. Við erum komin í jólafrí, en minnum á að hægt er að panta fyrir hópa, miðað við 20 manns að lágmarki.

Með hátíðarkveðju

## Starfsfólk Kaffi-Sels

Símar: 486-6454/846-9321/661-5935

Netfang: [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu fyrir alla aldurshópa svo það er um að gera að kíkja á hvað bíður í hillunum.

**Minum á breyttan opnunartíma.**

**Bókasafnið er opið:**

Mánudaga **Kl. 19-20**

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga **Kl. 11-13**

**Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.**

**Þökkum góðar stundir og ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook





## Vetrarstarf Smára

Núna hefur mótanefnd sest niður og skipulagt komandi vetur 2019 og neglt niður nokkrar dagsetningar:

Fyrsta vetrarmót Smára verður laugardaginn 9. febrúar

Annað vetrarmót Smára verður laugardaginn 9. mars

Þriðja vetrarmót Smára verður laugardaginn 6. apríl

Páskatölmót Smára, Loga og Trausta verður miðvikudaginn 17. Apríl

Fyrirhugað: Íþróttamót í sumar, útimót

Öll mótin verða auglýst nánar þegar nær dregur. Nú hvetjum við alla okkar Smáramenn, stóra sem smáa, að taka tímanlega inn fáka sína og

hafa gaman saman í allan vetur ☺

Jólakveðjur frá Mótanefnd Smára

SMÁRI



SMÁRI



## Æskulýðsstarf Smára og Loga 2019

Æskulýðsnefndin hefur lagt drög að starfsemi

ársins. Hestamannafélögin eru búin að

sameina æskulýðsnefndirnar. Hér á eftir er upptalning

á því helsta sem í boði verður en hver og einn viðburður verður svo

auglýstur nánar á facebook síðum Smára, logakrakka, smáarakrakka og á heimasíðu Smára.

Febrúar: Fræðslu og skemmtikvöld

Feb-mars/apríl: Reiðnámskeið fyrir börn og unglunga í reiðhöllinni á Flúðum

Mars: Suðurlandsdeild æskunnar. Keppt verður í barna, unglunga og ungmennaflokk. Frekari upplýsingar koma innan skamms.

Apríl: Hestaskóli fyrir byrjendur á Húsatóftum 2

Júní: Reiðnámskeið í Hrísholti og brokk og skökk

Júlí/ágúst: fjölskyldureiðtúr

Fræðslu og skemmtiferð um haustið

Ekki hika við að hafa samband ef spurningar vakna og sjáumst sem flest á viðburðum vetrarins



# Barnaskemmtun 2018



Barnaskemmtunin verður haldin í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn 29. desember og hefst kl. 14.00.

Sr. Óskar í Hruna kemur til okkar og svo mun Karl Hallgrímsson og fjölskylda sjá um tónlistina og leiða okkur í söng og dans í kringum jólatréð. Heyrst hefur að jólasveinar komi í heimsókn með gott í poka.

Óskað er eftir því að komið sé með meðlæti á kaffihlaðborðið en boðið verður uppá drykkjarföng. Aðgangseyrir eru kr. 1000 fyrir 16 ára og eldri.

Vonumst til að sem flestir sjái sér fært að koma og eiga skemmtilega jólastund.

Með kærri jólakveðju  
Kvenfélag Hrunamannahrepps



*Okkar bestu óskir um Gledileg jól  
og farsælt komandi ár við þökkum  
viðskiptin á árinu sem er að líða.  
Hótel Flúðir  
Margrét og Guðmundur.*

**80**  
**STAÐIR**  
UM LAND ALLT

**EIMSKIP**  
Flytjandi



## PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

## Landstólpi styður áfram körfuknattleiksdeild Hrunamanna með myndarlegum hætti.

Landstólpi og körfuknattleiksdeild Hrunamanna hafa endurnýjað samning til tveggja ára. Hrunamenn munu áfram bera merki Landstólpa framan á keppnibúningum sínum en fyrirtækið styrkir deildina með myndarlegum hætti sem aðalstyrktaraðili deildarinnar. Samingurinn er til tveggja ára, en fyrri samningur Landstólpa við deildina rann út í haust. Báðir aðilar eru spenntir fyrir áframhaldandi samstarfi enda ríkir mikil ánægja með samstarfið hingað til.

Arnar Bjarni Eiríksson framkvæmdarstjóri Landstólpi og Árni Þór Hilmarsson körfuknattleiksþjálfari handsala samninginn á dögnum



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



Þessi þrúðbúnu ungmenni mættu á dag íslenskrar tungu  
í Flúðaskóla.



VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg í Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599





Íþróttahúsið á Flúðum

Sími: 480-6605

Opnunartímar um jól og áramót 2018

Tækjasalur

Mán-Fim.....16.00-21.30

Fös.....13:00-18:00

Lau-Sun.....Lokað

21.des: 13.00-18.00

22.—26. des og gamlársgdag og nýársdag LOKAÐ

27.des: 17:00-21:30

28.des: 13:00-18.00

29.des: 11.00-15.00

30.des: LOKAÐ

Gamlársdag og nýársdag: LOKAÐ

2. jan: Hefðbundin opnun



Sundlaugin á Flúðum

Sími: 480-6625

Opnunartímar um jól og áramót 2018

Mán-Fös.....17:00-21:00

Lau-Sun.....13:00-18:00

Jól og áramót: 23—26. des LOKAÐ

Gamlársdag og nýársdag LOKAÐ

Mon-Fri.....17:00-21:00

Sat-Sun.....13.00-18.00

23—26.Dec CLOSED

31.Dec and 1.Jan CLOSED







## *Frá Félagi eldri Hrunamanna*

Seinasti starfsdagur í kjallaranum á þessu ári verður þriðjudaginn 11. desember. Formaður öldungaráðs sýnir mynd um heilsu og hreyfingu eftir dr. Janus Guðlaugsson, ípróttafræðing.

Húsið opnar að venju kl. 13 en myndasýningin verður kl. 14. Smá happdrætti, söngur og glens. Kaffi í boði kjallarans.

Fyrsti starfsdagur á nýju ári verður þriðjudaginn 8. janúar.

Árshátíðin okkar verður haldin 17. mars.

Takið daginn frá.

Stjórnin óskar öllum sveitungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og þakkar hlýhug í garð eldri borgara.



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

SMÁRI



LOGI



Trausti  
TRAUSTI



STOFNAD 1960

**!! BINGÓ BINGÓ !!**

Hestamannafélögin Smári, Logi og Trausti standa saman fyrir Bingói þann 7 janúar 2019, nánar tiltekið mánudagskvöld.

Bingóið verður haldið í Reiðhöllinni á Flúðum og vonumst við til þess að sjá sem flesta, stóra sem smáa. Fullt af flottum vinningum í boði. Heyrst hefur að folatollar séu í vinning ásamt ýmsu fleiru 😊

Bingóið er fyrir alla  
Bingókveðjur frá Smára, Loga og Trausta

Hluti af hreinsistöðinni, sem verður staðsett fyrir neðan Félagsheimilið á Flúðum.





## UNGMENNAFÉLAG HRUNAMANNA 110 ÁRA



Í tilefni af 110 ára afmæli Ungmennafélags Hrunamanna verður opið hús í íþróttahúsinu á Flúðum fimmtudaginn 13. desember milli klukkan 16 og 18.

Þar gefst öllum tækifæri á að hoppa í íþróttagalann, reima á sig skóna og taka létt æfingu. Jólasveinarnir kíkja í heimsókn. Eftir erfiðið verður boðið upp á kaffi og afmælisköku.



Hvetjum alla unga sem aldna, íþróttaiðkendur og gamlar íþróttakempur til að fagna tímamótunum með okkur. Sjáumst í íþróttahúsinu



Stjórn UMFH



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **432-2770.**

**Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000**

## Félagsheimili Hrunamanna 60 ára.

Sunnudaginn 23. nóvember 1958 vígðu Hrunamenn félagsheimili sitt til samkomuhalds. Þá voru liðin tæp 6 og hálf ár frá því að ungmennafélagar komu saman á sunnudegi í ágúst 1952 og grófu fyrir undirstöðum hússins að mestu leyti. Var þarna hafist handa við fyrri hluta hússins en síðari þess beið næstu 20 árin. Umræðan um byggingu á nýju samkomuhúsi hófst hjá félögum í ungmennafélaginu enda hafa þeir séð á dansleikjaferðum sínum hvað önnur sveitafélög höfðust að í þessum málum sínum. Vafalaust hefur þessi hugmynd komist fljótlega að borði sveitastjórnar, sem var þá eldhúsborðið í Syðra-Langholti hjá Sigmundi Sigurðsyni oddvita. Þar varð algjör samstaða um að reisa stórt og veglegt félagsheimili. Var nú unnið að þessu máli og arkitekt fenginn til að teikna húsið. Sömdu nú þessi félög um eignarhlut sinn í tilvonandi Félagsheimili.

Sveitarfélagið 2/5

Kvenfélagið 1/5

Ungmennafélagið 2/5

Áætlaður byggingakostnaður var um 2 milljónir, sem var þá rosaleg peningaupphæð. Á þessum tíma var fátt talið í milljónum eins og gert er í dag. Það hefur verið vandasöm ákvörðun hjá hluthöfum að leggja í þessa stórframkvæmd peningalausir. Já og hvað á að gera við svona stórt hús þar sem leiksviðið eitt verður stærra en gamla húsið spurðu menn. Sumir vildu bara stækka gamla húsið og láta það duga. Nokkrir íbúar sveitarfélagsins voru á móti þessari húsbyggingu og skrifuðu nöfn sín á blöð, sem oddvita var afhent. Á þeim voru einhver fyrirmæli sem ekki var hægt að fara eftir.

Þessi andmæli íbúanna runnu síðan hægt og rólega af þeim öllum hávaðalaust í rólegheitum samfara byggingahraða félagsheimilisins, sem aldrei varð fyrir neinu vandræðastoppi að ég held. Fjaröflun hjá ungmennafélaginu var með útisamkomum á

Álfaskeiði öll árin, sem húsið var í smíðum og aðeins lengur.

Danssamkomur voru haldnar í gamla salnum eins oft fært þótti. Útvarp Reykjavík dansleikur á Flúðum í kvöld glumdi í útvarpinu árum saman. Vel sóttur og vinsæll samkomusalur, aldrei vandamál, engin lögga og peningar flæddu inn í skuldaspuna (800,000) sem búið að var stofna til.



Hljómsveitin var stundum úr Reykjavík, myndarmenn og kurteisir. Þeir gátu lagt frá sér hljóðfæri sitt, stigið á dansgólfið og boðið stúlku í dansa, sem hafði kannske setið lengi á bekknum.

Dansleikir í Félagsheimili Hrunamanna fóru fram með sóma og prýði fyrir alla og ekki síst staðinn sjálfan, að fá á sig gott orð í opinberu samkomuhaldi. Lærðir og þjálfaðir heimamenn sáu alltaf um gæslu á dansleikjum en stundum voru okkur sendir lögregluþjónar, sem þurftu ekki að gera annað er að taka við laununum sínum fyrir komuna.

Það var gæfusöm ákvörðun hjá meirihluta fundargesta, sem mættu á boðaðan fund sveitarstjórnar að félagsheimili skyldi byggt. Hennar höfum við nú notið með gleði og stolti í 60 ár.

Þegar Hrunamenn vígðu Félagsheimili sitt var það veglegasta samkomuhús á Suðurlandi.

Á þeim degi stóð byggingarkostnaður í tveimur milljónum !

H.Bjarnason.

Fyrsta skóflustungan að viðbyggingu 1972. mynd:HB



Gamli samkomusalurinn. mynd:HB



Gamli samkomusalurinn sem síðar varð slökkvistöð var síðan rifinn og brenndur.  
Mynd:HB





**Kvenfélag Hrunamannahrepps óskar eftir umsóknum í Freyjusjóð  
frá 15 des til 15 jan.**

Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á [www.fludir.is](http://www.fludir.is) undir menningar og mannlíf. Þar eru upplýsingar um sjóðinn og umsóknareyðublöð. Fyrirspurnir má senda á netgang Kvenfélags Hrunamannahrepps sem er [kvhrhr@gmail.com](mailto:kvhrhr@gmail.com) Hvetjum við ungar konur á aldrinum 16-25 ára til að sækja um og gera vandaðar umsóknir.

Kær kveðja stjórn Freyjusjóðs. Freyjujóður



# Flugeldasala



## *Björgunarfélagsins Eyvindar*

### Verður í húsi félagsins:

|              |             |                   |
|--------------|-------------|-------------------|
| Föstudaginn  | 28.desember | kl. 13:00 - 22:00 |
| Laugardaginn | 29.desember | kl. 13:00 - 22:00 |
| Sunnudaginn  | 30.desember | kl. 13:00 - 22:00 |
| Mánudaginn   | 31.desember | kl. 10:00 - 16:00 |
| Laugardaginn | 5. janúar   | kl. 14:00 - 20:00 |
| Sunnudaginn  | 6.janúar    | kl. 14:00 - 18:00 |

**Minum á flugeldasýninguna sem verður  
laugardaginn 5. janúar 2019 þá verður einnig brenna.**

Hægt er að styrkja sýninguna á opnunartíma sölunnar  
eða með því leggja inn reikning Eyvindar.

Kt:460100-2590 banki:0325-26-2590 [bfeyvindur@simnet.is](mailto:bfeyvindur@simnet.is)

**Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.**

**Með þökk fyrir stuðninginn á liðandi ári,**

**Björgunarfélagið Eyvindur**





Hrunaprestakall

Helgihald um jól og áramót

**24. desember - aðfangadagur:** Guðsþjónusta á jólanótt í Hrunakirkju kl. 23.

**25. desember - jóladagur:** Hátíðarmessur. Stóra-Núpskirkja kl. 11 og Hrepphólakirkja kl. 14. Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld Ólafsvallakirkju kl. 22.

**31. desember - gamlársdagur:** Guðsþjónusta í Tungufellskirkju kl. 14 og aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16.

----

**6. janúar - þrettándinn:** Nýársmessa í Hrepphólakirkju kl. 11. Víglubiskupinn í Skálholti, sr. Kristján Björnsson, prédikar. Þjóðlegur hádegisverður á eftir.

**Sjáumst í kirkju um hátíðarnar. Guð gefi okkur góða aðventu og gleðileg jól.**

*Óskar Hafsteinn Óskarsson  
sóknarprestur*

